



# Landvernd

Ársskýrsla 2011-2012

## Göngum saman til mikilvægra verka

Í fámenninu á Íslandi er mikilvægt að áhugafólk um náttúruvernd gangi ekki tvístrað til þeirra mikilvægu verka sem þarf að vinna. Á því starfsári sem nú er að ljúka hefur Landvernd lagt ríka áherslu á náð samstarf við önnur félög sem skipa íslensku náttúruverndarhreyfinguna. Þannig átti Landvernd frumkvæði að því að þrettán náttúruverndarfélag sameinuðust um umsögn um drög að tillögu að þingsályktun um verndun og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun). Maður með mikla reynslu á sviði náttúruverndar sagði að sú umsögn hefði markað mikilvæg tímamót hvað þetta varðar og að draumsýn hans um nána samstöðu og samvinnu umhverfis- og náttúruverndarsamtaka hefði ræst. Þetta samstarf hélt svo áfram nú á vordögum þegar náttúruverndarhreyfingin efndi til Náttúruverndarþings 2012 sem var afar vel sótt og skilaði sér í mikilvægum ályktunum um Rammaáætlun og fleira.

Að auki átti Landvernd samstarf við ýmis félög og samtök um ferðir, ályktanir og fundi. Má þar t.d. nefna Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Fuglavernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Ferðafélag Íslands, Græna netið, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Hraunavini, Jöklarannsóknafélagið, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Félag náttúrufræðikennara, Vini Þjórsárvera, Félag umhverfisfræðinga, Eldvötn, Gaia, Framtíðarlandið og Náttúruvaktina. Samkvæmt könnun sem stjórn Landverndar gerði meðal félagsmanna samtakanna er mikill áhugi á að auka þetta samstarf enn frekar, en nú af hverjum tíu segjast því fylgjandi. Landvernd mun því áfram hvetja til þess að íslensk náttúruverndarfélag starfi saman sem ein hreyfing.

Í sömu könnun voru félagsmenn spurðir um skoðun þeirra á sameiginlegri umsögn náttúruverndarhreyfingarinnar um tillögu að þingsályktun um verndun og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun). Helmingur hafði kynnt sér efni umsagnarinnar og af þeim reyndust 78% sammála eða mjög sammála þeim áherslum sem þar komu fram. Það er mikið fagnaðarefni í ljósi þess að í umsögninni tók náttúruverndarhreyfingin mjög eindregna afstöðu gegn frekari uppbyggingu virkjana fyrir stóriðju. Sú afstaða var rökstudd með veigamiklum rökum, t.d. upplýsingum um ósjálfbæra nýtingu jarðvarma, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og óeðlilega hátt hlutfall álvera á raforkumarkaði. Þau þrettán félög sem sameinuðust um umsögnina ákváðu strax í upphafi þeirrar vinnu að umsögnin ætti að vera málsvörn íslenskrar náttúru, en ekki samningstilboð til orkufyrirtækja um skiptingu landsvæða. Sú afstaða hefur átt stóran þátt í því að nokkur fjöldi svæða hefur verið færður úr virkjanaflokki í biðflokk samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir Alþingi. Sannaðist þar að í góðum málstað eru falin mikil völd.

Um 85% félagsmanna Landverndar segjast vera ánægð eða mjög ánægð með þær áherslur sem koma fram í starfi samtakanna um þessar mundir. Það er gott til þess að vita, ekki síst þegar stór og umdeild mál bíða okkar, t.d. virkjanahugmyndir á Reykjanesskaga og fyrirhugaðar raflínur yfir miðhálandið. Snúum nú bökum saman og vinnum íslenskri náttúru gagn.

Guðmundur Hörður Guðmundsson  
formaður Landverndar



Formaður Landverndar á toppi Snækolls í sumar með ferðabópi Landverndar og Ferðafélags Íslands sem kynnti sér jarðhitasvæði Kerlingarfjalla.

# Umsagnir um rammaáætlun

Stærsta verkefni Landverndar á árinu á vettvangi náttúruverndar er tvímælalaust umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun). Þrettán náttúruverndarsamtök skiluðu inn sam-eiginlegri umsögn um drög að tillögunni í nóvember sl. og tók Landvernd virkan þátt í þeirri vinnu. Þá skilaði Landvernd inn umsögn við endanlega tillögu iðnaðarráðherra 8. maí sl.

Landvernd hefur lagt áherslu á að niðurstaða um orkunýtingu landsvæða fyrir vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir á Íslandi verði að taka mið af eftirfarandi þáttum:

1. Fjölmörg fyrirbæri í náttúru Íslands eru einstök á heimsvísu. Hér eru stór víðerni, stórbrotið eldfjallandslag og lítt snortin vatnasvið, sem allt eru hverfandi verðmæti í sífellt þéttsetnari heimi. Okkur ber siðferðisleg skylda gagnvart okkur sjálfum, afkomendum okkar og heiminum öllum að vernda þennan einstaka náttúruarf.
2. Miklar fórnir á náttúru Íslands hafa þegar verið færðar vegna uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Búið er að raska um helmingi af virkjanlegum háhitasvæðum á landinu og fjöldinn allur af vatnsaflsvirkjunum hefur verið reistur. Áhrif þessa eru að stórum hluta til óafturkræf.
3. Líta ber til þess hver raunveruleg þörf fyrir raforkuframleiðslu á Íslandi er. Aukin árleg þörf til almennrar notkunar (annarra en stóriðju) nemur ekki nema rúmlega 50 GWh<sup>2</sup> á ári, eða um 7-8 MW. Til samanburðar þá eru um 1050 MW undir í orkunýtingarflokki í þingsályktunartillögunni. Þessari auknu almennu þörf mætti mæta með stórauðnum orkusparnaði, aukinni nýtingu vatnsaflsvirkjana vegna hlýnunar jarðar og mögulega með öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum.
4. Mikil óvissa ríkir um endingu jarðvarmaauðlindarinnar og heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif nýtingar. Því ber að fara mun hægar í nýtingu auðlindarinnar.

Ljóst má vera að umsagnavinna haustsins skilaði sér í því að Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir, í miðju landsins, voru færðar úr orkunýtingarflokki í biðflokk. Þar með hefur skapast tækifæri til að ýta hugmyndum um miðhálandisþjóðgarð úr vör.


Landvernd hefur einnig lagt áherslu á verndun heilla vatnasviða, en þingsályktunartillagan gengur alltof skammt í þeim

efnum. Vatnasvið Jökulsáanna í Skagafirði, Skjálfandafljóts, Hólmsár og Skaftár í Skaftárhreppi, sem allar lentu í biðflokki, ætti skilyrðislaust að vernda, enda flokkuðust þær mjög hátt í mati faghópa um náttúru- og menningarminjar og ferðaþjónustu. Því ber þó vissulega að fagna að Markarfljót og Jökulsá á Fjöllum skuli hafa flokkast í vernd, en Landvernd leggur áherslu á að vernda beri allt vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, þ.m.t. Kverká og Kreppu.

Þá gengur þingsályktunartillagan of nærri háhitasvæðum, en margar virkjunarhugmyndir í jarðvarma, ekki síst á Suðvesturlandi og í Þingeyjasýslu, lenda í orkunýtingarflokki. Þessar hugmyndir eru á svæðum þar sem afar verðmætar jarðminjar er að finna, en flokkun þeirra m.t.t. verndargildis skortir tilfinnanlega á Íslandi þrátt fyrir að verðmæti þeirra sé ótvírætt, oft á heimsvísu. Landvernd hefur gagnrýnt þessa flokkun í þingsályktunartillögunni.

Landvernd hefur m.a. krafist þess að hægar verði farið í sakirnar og svæði eins og Sveifluháls og Sandfell, sem bæði eru innan Reykjanesfólkvangs, fari a.m.k. í biðflokk en fólkvanginn ætti að friðlýsa sem eldfjallabjóðgarð hið fyrsta. Verðmæti svæðisins fyrir menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu og útivist eru ótvíræð ekki síst vegna nálægðar við millilandaflugvöllinn í Keflavík og höfuðborgarsvæðið. Faghópur II í rammaáætlun taldi að verðmæti lítt snortinna svæða í nágrenni höfuðborgarinnar hafi að öllum líkindum verið vanmetin fyrir útivist og ferðaþjónustu, og Landvernd telur að hið minnsta verði að kanna þessi atriði betur. Annað er bæði ófaglegt og óábyrgt.

Að endingu, þá hefur Landvernd fagnað því að mikilvæg náttúruverndarsvæði hafa samkvæmt tillögunni verið sett í verndarflokk. Sú niðurstaða er afar mikilsverð fyrir náttúruvernd í landinu. Þar má nefna náttúrupeplur á borð við Þjórsárver, efsta hluta Tungnaár, Markarfljót og Djúpa, Kerlingarfjöll, Bitru og Grændal á Hengilssvæðinu, Geysi og Gjástykki.



*Áhersla Landverndar hefur verið að vernda beri miðhálandi Íslands og stofna þar þjóðgarð. Meirihluti þjóðarinnar hefur lýst sig fylgjandi þeirri hugmynd í skoðanakönnun Capacent frá í október 2011. 56% sögðust hlynnt stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands en einungis 17,8% voru því andvíg.*


## Yfir 200 skólar á grænni grein

Merkur áfangi náðist í starfi Landverndar á fullveldisdaginn þann 1. desember 2011 þegar undirritaður var þriggja ára styrktarsamningur milli Landverndar, umhverfisráðuneytis og mennta- og menningarráðuneytis um verkefnið *Skólar á grænni grein*. Kvennaskólinn í Reykjavík varð 200. skólinn til að hefja þátttöku í verkefninu og af því tilefni var samningurinn undirritaður í húsakynnum skólans. Samningsaðilar höfðu stefnt að undirritun slíks samnings um nokkurt skeið en þess má geta að langtímasamningur við Grænfánaverkefnið er meðal tillagna í þingsályktun um eflingu græns hagkerfis á Íslandi sem Alþingi samþykkti í síðastliðið vor. Samningurinn er mikil viðurkenning á starfi *Skóla á grænni grein* og leggur grunn að starfsemi verkefnisins á næstu árum.

Verkefnið er nú rekið á öllum skólastigum hérlendis og má nefna að þrjú af sjö háskólum taka þátt í verkefninu. *Skólar á grænni grein* (Eco-Schools) er alþjóðlegt verkefni sem Landvernd hefur rekið hér á landi í tæp 11 ár en á vordögum 2012 verða 10 ár liðin frá því að fyrsti Grænfáninn var afhentur á Íslandi. Á starfsárinu voru tæplega 20 nýir skólar skráðir til leiks en um helmingur þeirra er á leikskólastigi, þar sem þátttaka hefur farið vaxandi undanfarnar starfsár.

Þátttaka skólanna miðar að því að innan þeirra sé umhverfismennt og umhverfisstjórnun efl. Því hefur starfsfólk *Skóla á grænni grein* lagt hönd á plóg við skipulag og undirbúning daga eins og *Norræna lofislagsdagsins*, sem haldinn er 11. nóvember ár hvert, *Dags umhverfisins* og *Dags íslenskrar náttúru*, sem í fyrsta sinn var haldinn hátíðlegur þann 16. september árið 2011 á afmælisdegi Ómars Ragnarssonar. Af því tilefni vann Sigrún Helgadóttir, náttúrufræðingur og kennari, verkefni til stuðnings kennurum sem aðgengileg eru á vefsvæði Námsgagnastofnunar. Um var að ræða samstarfsverkefni stofnunarinnar og Landverndar.

Á vormánuðum 2012 fór starfsfólk Umhverfisstofnunar þess á leit við Landvernd að hrundið yrði af stað litlu þróunarverkefni sem miðaði að því að fá tvo þátttökuskóla til samstarfs um vistvæn innkaup. Mun starfsfólk Umhverfisstofnunar með fulltungi starfsmanna *Skóla á grænni grein* leita leiða til þess að aðstoða skóla við vistvæn innkaup á skólakosti fyrir nemendur fyrir næsta skólaár, 2012-2013. Þá fór SORPA bs. þess á leit við starfsfólk verkefnisins að verk nemenda í Skólum á grænni grein á samlagssvæði SORPU myndu prýða almanak byggðasamlagsins fyrir árið 2012. Eftt var til verkefnasamkeppni og fengu nemendur 15 skóla á grænni grein af samlagssvæðinu verk sín birt.



Fánaafhending á Hvammstanga.

# Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd á háhitasvæðum

Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd á háhitasvæðum er tveggja ára verkefni sem Landvernd hleypti af stokkunum í upphafi árs 2012. Verkefnið er hugsað sem fyrsti hluti af langtímaverkefni um verndun jarðhita á Íslandi. Hérlendis er að finna stórbrotin og sérstök jarðhitasvæði sem eiga fáa sína líka í heiminum. Fjölbreytileiki svæðanna er mikill, hvort sem horft er til jarðfræði, líffræði eða litasamsetningar. Kannanir hafa sýnt að yfir 80% erlendra ferðamanna nefna náttúru Íslands sem helsta aðdráttarafl landsins og þar leika jarðhitasvæði stórt hlutverk.

Afar mikilvægt er að tryggja vernd þessara einstöku auðlinda okkar þannig að Íslendingar, erlendir gestir og komandi kynslóðir geti notið þeirra líka. Þessi svæði eru oft á tíðum sérstaklega viðkvæm fyrir átroðningi og umferð, en eru einnig beinlínis hættuleg ef ekki er farið varlega. Það er því mikilvægt að auka fræðslu um hina sérstöku jarðfræði, líffræði og verndargildi jarðhitasvæða og tryggja öryggi ferðamanna. Þannig má stuðla að ferðamennsku í sátt við umhverfi og náttúru.

Mikill áhugi er á að þróa náttúrutengda ferðaþjónustu á Íslandi í átt að sjálfbærni og er markmið jarðhitaverkefnisins að vernda viðkvæma náttúru jarðhitasvæða og renna styrkari stöðum undir sjálfbæra ferðamennsku á slíkum svæðum. Verkefninu er ætlað að ná þessum markmiðum með því að auka fræðslu um jarðfræði, líffræði og náttúruverndargildi jarðhitasvæða; auka öryggi ferðamanna með betri upplýsingum um aðgengi og

umgengni; og fjölga tækifærum á heimsóknum og náttúruupplifun á fáförnum jarðhitasvæðum á hálendinu. Jarðhitaverkefninu er skipt í fjóra verkþætti: Skoðunarferðir, þ.á m. á háhitasvæði í Norður-Þingeyjarsýslu, Vonarskarð og svæði á Reykjaneskaga; gerð fræðsluefnis í formi bæklinga, veggspjalda og myndbanda; upplýsingaskilti sem rísa á eða í nágrenni valinna háhitasvæða á hálendi Íslands; og ráðstefnu.

Fjölmargir samstarfsaðilar eru að verkefninu: Náttúrufræðistofnun Íslands leggur fram vinnu sérfræðinga á sviði náttúrufræði og gerð fræðsluefnis og upplýsingaskilta, auk þess að koma að vinnu við ráðstefnu og leiðsögn í skoðunarferðum. Landsbjörg leggur fram sérfræðivinnu er lýtur að öryggismálum fyrir gerð fræðsluefnis og upplýsingaskilta, auk ráðstefnu. Ferðafélag Íslands kemur að skipulagningu skoðunarferða. Vatnajökulsþjóðgarður kemur að gerð upplýsingaskilta í þjóðgarðinum. Leitað verður til fleiri aðila eftir því sem verkefnið þróast.

Verkefnisstjórn skipa: Sveinbjörn Björnsson (formaður), jarðeðlisfræðingur og fyrrum rektor Háskóla Íslands. Sveinbjörn situr í stjórn Landverndar. Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði HÍ. Guðríður Þorvarðardóttir, sérfræðingur, umhverfisráðuneyti. Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri ferðamála, iðnaðarráðuneyti. Jónas Guðmundsson, sérfræðingur, Landsbjörgu. Lovísa Ásbjörnsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands. Birta Bjargardóttir, sérfræðingur í vísindamiðlun, er verkefnisstjóri jarðhitaverkefnisins.



# Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar

Landvernd sendi frá sér fjölda ályktana, yfirlýsinga og áskorana á starfsárinu.

## Eflingu almenningssamgangna fagnað

Landvernd fagnaði ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að láta milljarð króna renna árlega til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu næstu tíu árin.

## Náttúruvinnuáskjal Íslands og sala Perlunnar

Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Samlíf – Samtök líffræðikennara, Félag náttúrufræðikennara á grunnskólastigi og Félag raungreinakennara hvöttu stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðherra til þess að skoða gaumgæfilega hugmyndir um nýtingu Perlunnar undir starfsemi Náttúruvinnuáskjals Íslands.

## Áfram bann við útgáfu rannsóknaleyfa

Landvernd hvatti iðnaðarráðherra til að gefa Orkustofnun fyrir-mæli um áframhaldandi bann við útgáfu rannsóknaleyfa vegna mögulegra vatnsafls- og jarðvarmavirkjana þar til tillaga til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða hefði verið afgreidd á Alþingi.

## Frumvarp um upplýsingarétt um umhverfismál

Landvernd hvatti Alþingismenn til að samþykka eins fljótt og auðið yrði frumvarp um breytingu á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál sem kvæð á um skyldu stjórnvalda til að eiga frumkvæði að upplýsingagjöf vegna mengunar.



Stjórn og starfsfólki Landverndar saman á fundi í Alviðru.

## Bitra verði áfram í verndarflokki

Stjórn Landvernd lýsti yfir óánægju með að í drögum að um-sögn Orkuveitu Reykjavíkur um drög að þingsályktunartillögu um áætlun um verndun og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) legði fyrirtækið fram tillögu um að Bitra yrði færð úr verndarflokki í biðflokk.

## Vegagerð í Gufudalssveit

Landvernd, Fuglavernd og Náttúruverndarsamtök Íslands lýstu yfir stuðningi við þá ákvörðun innanríkisráðherra að hlífa Teigsskógi og leggja til vegagerð í Gufudalssveit með göngum undir Hjallaháls.

## Friðlýsing Dimmuborga og Hverfjalls

Stjórn Landverndar fagnaði friðlýsingu Dimmuborga og Hverfjalls í Mývatnssveit. Friðlýsingin var mikilvægur áfangi í náttúruvernd hér á landi.

## Rannsóknarleyfi í Grændal

Stjórn Landverndar harmaði ákvörðun Orkustofnunar að veita leyfi fyrir sitt leyti til borana í Grændal í Ölfusi í tengslum við jarðhitarannsóknir. Grændalur er svæði með verndargildi á heimsvísu að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands sem verðskuldar hámarks vernd.

## 2. áfangi rammaáætlunar

Aðalfundur Landverndar 2011 skoraði á ríkisstjórn Íslands að nýta niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar til að skapa grunn að sátt um vernd náttúru og menningarminja og forgangsriðun einstakra virkjunarkosta til orkuöflunar.

## Mengunarmál og eftirlitshlutverk stjórnvalda

Aðalfundur Landverndar 2011 lýsti yfir áhyggjum sínum vegna aukinnar tíðni mengunarslysa og ófullnægjandi eftirliti ábyrgra stofnana.

## Menntun til sjálfbærrar þróunar í skólum

Aðalfundur Landverndar 2011 fagnaði þeirri áherslu sem lögð var á sjálfbæra þróun í nýrri aðalnámskrá og benti á að umhverfismennt er lykilatriði í uppeldi skólabarna og fullorðinsfræðslu.

## Almenningssamgöngur

Aðalfundur Landverndar 2011 hvatti stjórnvöld til að hefja án tafar átak til að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

## Fjármögnun umhverfisverndarsamtaka

Aðalfundur Landverndar 2011 hvatti stjórnvöld til að tryggja rekstrargrundvöll umhverfisverndarhreyfingarinnar í landinu.

## Stofnun ungliðahreyfingar

Aðalfundur Landverndar skoraði á nýja stjórn samtakanna að stofna ungliðahreyfingu til að gefa ungu fólki tækifæri til að beita sér fyrir málstað umhverfisverndar, auk þess að efla samtökin.



## Náttúruverndarþing 2012: Rammaáætlun - Ferðapjónusta - Lýðræði - Friðlönd - Þjóðgarðar

Náttúruverndarþing 2012 fór fram laugardaginn 28. apríl í Háskólanum í Reykjavík og sóttu um 150 manns þingið.

Friðrik Dagur Arnarson, landfræðingur og fulltrúi náttúruverndarhreyfingarinnar í verkefnisstjórn rammaáætlunar, Ellert Grétarsson, náttúruljósmyndari og stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands, Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur, Ósk Vilhjálmisdóttir, myndlistar- og leiðsögukona og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur, héldu öll erindi á þinginu.

Þrjár málstofur voru á Náttúruverndarþingi sem fjölluðu um ferðapjónustu, lýðræði og friðlönd og þjóðgarða. Þingforsetar voru þau Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspæki og Bergur Sigurðsson framkvæmdastjóri.

Náttúruverndarþing 2012 sendi frá sér nokkrar ályktanir, en meginályktun þingsins laut að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í henni segir meðal annars: „Náttúruverndarþing 2012 tekur eindregið undir umsögn þrettán náttúruverndarfélaga um drög að tillögu um rammaáætlun sem send var iðnaðar-ráðherra og umhverfisráðherra 11. nóvember 2011. Þingið fagnar því að

allmörg verðmæt svæði, sem löngu var tímabært að friðlýsa, hafa samkvæmt fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu verið sett í verndarflokk. Nokkur önnur svæði, þar á meðal svæði tengd Neðri-Þjórsá, Skrokköldu og Hágöngum, hafa réttilega verið færð úr nýtingu í biðflokk. Náttúruverndarþing leggur ríka áherslu á að miðhálandi Íslands í heild verði um alla framtíð friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum eins og ríkur stuðningur er við hjá stórum hluta landsmanna. Þá er því fagnað að tillagan gerir ráð fyrir eflingu á starfsemi á verkviði friðlýsinga.“

Þingið ályktaði einnig um fyrirsjáanleg umhverfisáhrif af tilkomu sæstrengs: „Náttúruverndarþing 2012 varar sterktlega við einhliða kynningu Landsvirkjunar og fleiri aðila á kostum þess að leggja sæstreng frá Íslandi til Bretlandseyja eða meginlands Evrópu. Þagað er þunnu hljóði um gífurleg umhverfisáhrif sem yrðu hérlendis af slíkri framkvæmd með stórauðnum þrýstingi á byggingu virkjana og óhjákvæmilegri lagningu öflugra háspennulínu til viðbótar þeim sem fyrir eru, auk mögulegra hækkana á raforkuverði til almennings. Náttúruverndarþing krefst þess að upplýsingar um líkleg umhverfisáhrif af slíkri framkvæmd hafi forgang við frekari skoðun málsins.“

### Náttúruverndarinn

Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur, ljósmyndari og náttúrufræðingur, hlaut viðurkenninguna Náttúruverndarinn á Náttúruverndarþingi fyrir ótula baráttu í náttúruvernd á Íslandi. Náttúruverndarbaráttan hefur verið meginsteifið í lífi Guðmundar og skrifum. Hann hefur áður hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir verk sín, m.a. Íslensku bókmenntaverðlaunin 2001 fyrir *Hálendið í náttúru Íslands*.





©elg

## Gönguferðir: Grænavatn - Viðey - Þingvellir - Grændalur - Kerlingafjöll - Vonarskarð

### Sigurður Þórarinnsson - aldarminning

Þann 8. janúar 2012 var öld liðin frá fæðingardegi Sigurðar Þórarinnssonar jarðfræðings, eins ástsælsta vísindamanns þjóðarinnar á síðustu öld. Af því tilefni efndu félög og samtök sem tengjast náttúruvernd, náttúruvísindum og útiveru til blysfarar kringum Grænavatn í Krýsvík. Samtökin sem stóðu að blysförinni voru auk Landverndar: Ferðafélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Hraunavinir, Útivist, Jarðfræðingafélagið, Jökklarannsóknarfélagið, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Reykjanesfólkvangur.

Með göngunni var ekki síst verið að heiðra frumkvæði Sigurðar Þórarinnssonar í náttúruverndarmálum og minna á um leið, að þörfin á náttúruvernd er ekki síðri í dag en hún var um miðja síðustu öld.

### Gönguhópur Landverndar

Gönguhópur Landverndar var stofnaður á árinu og var það liður í að styrkja grasrótastarf samtakanna. Gönguhópurinn er hugsaður sem óformlegur hópur fólks sem deilir því áhugamáli að ganga sér til ánægju og yndisauka. Allir eru velkomnir í göngurnar, félagsmenn sem og aðrir. Ekki er boðið upp á skipulagða leiðsögn í þessum göngum, en allir hvattir til að

deila fróðleik sem þeir búa yfir um viðkomandi svæði. Fyrsta gangan var farin í Viðey laugardaginn 25. febrúar.

### Þingvallaganga á Degi íslenskrar náttúru

Landvernd bauð til göngu á Þingvöllum á Degi íslenskrar náttúru, föstudaginn 16. september 2011. Sigrún Helgadóttir, náttúrufræðingur, leiddi gönguna og vísaði á fornar götur og hellisskúta og ræddi um náttúru og sögu svæðisins.

### Göngur um jarðhitasvæði

Landvernd efndi til þriggja gönguferða um jarðhitasvæði á starfsárinu. Að kvöldi fimmtudagsins 16. júní 2011 var ferðinni heitið í Grændalur sem er jarðhitasvæði inn af Hveragerði. Þeir Björn Pálsson, fyrrum skjalavörður í Hveragerði og Sigurður H. Magnússon, sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, voru leiðsögumenn ferðarinnar.


Landvernd og Ferðafélag Íslands efndu í sameiningu til tveggja gönguferða. Í þeirri fyrri var gengið um fjöll og fjölskrúðug hverasvæði Kerlingarfjalla 8-10. júlí 2011. Sigmundur Einarsson jarðfræðingur leiddi hópinn og fræddi göngumenn um svæðið. Í síðari ferðinni var farið um víðerni Vonarskarðs 12.-14. ágúst 2011. Kristján Jónsson sviðsstjóri og jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun var leiðsögumaður.




# Jarðvarmavirkjanir reynast umdeildar

Landvernd tók þátt í gerð tveggja kannana á afstöðu almennings til nýtingar jarðvarma til stóriðju. Í könnun Capacent Gallup fyrir þrettán náttúruverndarfélag í nóvember 2011 reyndust 31,4% andvíg því að ráðist yrði í byggingu fleiri jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og 30,2% voru því hlynnt. Síðari könnunin gerði Capacent Gallup fyrir Land-

vernd, Græna netið og Náttúruverndarsamtök Íslands í byrjun apríl 2012. Í henni kom fram sterk andstaða sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum við að sjóðirnir leggi fjármagn í frekari virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju. Samkvæmt könnuninni eru 46,9% andvíg slíkri fjárfestingu lífeyrissjóðanna en 34,4% reyndust því fylgjandi.



*Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að ráðist verði í byggingu fleiri jarðvarmavirkjana á Hellisheiði?*



*Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn leggi fjármagn í frekari virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju?*

## Fundir: Efling græna hagkerfisins - Vernd Þjórsárvera - Þingvellir - Rammaáætlun - Virkjanaáform í Skaftárhreppi

### 11.10.2011 Orkunýtingarflokkur, biðflokkur eða verndarflokkur?

Landvernd efndi til opins fundar í Farfuglaheimilinu í Laugardal um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Á fundinum flutti Friðrik Dagur Arnarson, fulltrúi frjálsra félagasamtaka í verkefnisstjórn um Rammaáætlun, erindi um tillögudrög iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra.

### 24.1.2012 Hvað ógnar lífríki Þingvallavatns og náttúru þjóðgarðsins?

Landvernd efndi til opins fundar í Norræna húsinu um stjórnun þjóðgarðsins á Þingvöllum og álag á vistkerfi Þingvallavatns. Sigrún Helgadóttir náttúrufræðingur flutti fyrirlestur undir heitinu „Þingvellir, alvöru þjóðgarður?“ og Hilmar J. Malmquist líffræðingur og forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs flutti fyrirlesturinn „Þingvallavatn: Dýrmætt vistkerfi undir álagi“.

### 8.2.2012 Vernd og orkunýting landsvæða

Þrettán náttúruverndarsamtök efndu til opins kynningarfundar í Þjóðminjasafninu um sameiginlega umsögn samtakanna um drög að tillögu að þingsályktun um verndun og orkunýtingu

landssvæða. Framsöguerindi flutti Rannveig Magnúsdóttir sem ritstýrði umsögn samtakanna.

### 17.3.2012 Verndun Þjórsárvera í sögulegu ljósi

Þann 17. mars voru fjörtíu ár liðin síðan barátta heimamanna í Gnúpverjahreppi fyrir verndun Þjórsárvera hófst með almennum fundi um Þjórsárver og þá ógn sem stöðjafi að þeim vegna hugmynda um miðlunarlón. Í tilefni þessara tímamóta efndu Vinir Þjórsárvera, Áhugahópur um verndun Þjórsárvera, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands til fundar í félagsheimilinu Árnosi til að minnst þessa merka fundar.

### 11.4.2012: Efling græns hagkerfis

Landvernd og Félag umhverfisfræðinga á Íslandi efndu til opins fundar í Þjóðminjasafninu um þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins. Skúli Helgason, alþingismaður, Inga Sigrún Atladóttir, forseti bæjarstjórnar Voga, og Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, fluttu erindi.

### 5.5.2012: Einstök náttúra Eldsveitanna

Landvernd og Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi efndu til málþings í Norræna húsinu um áhrif virkjana í Skaftárhreppi.

# Stiklur úr fréttum af Landvernd

## 2.6.2011: Vilja ekki hrófla við Grændal

„Stjórn Landverndar sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem ákvörðun Orkustofnunar er hörmuð. Túlka verði rannsóknarleyfisveitinguna sem stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda. Ótækt sé að einni stofnun sé kleift að veita leyfi til að raska svæði sem náttúruverndarsamtök, ríkisstjórn, fagstofnanir á sviðum umhverfismála og sveitarfélög séu sammála um að vernda.“ - Rúv

## 3.6.2011: Fara ekki í boranir í Grændal um sinn

„Í fréttatilkynningu frá umhverfisverndarsamtökunum Landvernd um málið er þess krafist að stjórnvöld tryggi að náttúru Grændals verði ekki raskað þrátt fyrir ákvörðun Orkustofnunar. Við þeirri kröfu hefur nú verið brugðist.“ - Fréttablaðið

## 29.6.2011: Segir framtíðarskýrslu

### Landsvirkjunar olú á eld

„Formaður Landverndar gagnrýnir mjög að skýrsla um framtíðaráhrif Landsvirkjunar skuli hafa komið út nú þegar vinna við rammaáætlun um orkunýtingu sé á lokastigi. Telur hann tímasetninguna undarlega og áætlun þá er þar kemur fram með öllu óraunhæfa.“ - Rúv

## 7.7.2011: Formaður Landverndar fagnar skýrslu um rammaáætlun

„Formaður Landverndar fagnar skýrslu um rammaáætlun sem kom út í gær. Hann bendir þó á að enn eigi eftir að flokka landsvæði með tilliti til verndar eða virkjana.“ - Rúv

## 10.8.2011: Vill herða eftirlit með utanvegaakstri

„Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar: Eftirlitið með utanvegaakstri og umferð á hálendinu er bara sáralítið og þar vantar mikið upp á að fjölga þá landvörðum á hálendinu eða koma á einhvers konar hálendislögreglu. Guðmundur segir jafnframt að herða þurfi viðurlög við utanvegaakstri. Sektor séu of lágar og þeim of sjaldan beitt. Mikilvægast sé þó að vegfarendur séu meðvitáðir um lögin og hversu viðkvæm náttúran er.“ - Rúv

## 8.9.2011: Kolröng niðurstaða umhverfisráðuneytis vegna Lagarfljóts. Skýringa krafist.

„Formaður Landverndar krefst þess að umhverfisráðuneytið opinberni hvernig komist hafi verið að þeirri niðurstöðu á sínum tíma að Kárahnjúkavirkjun hefði engin áhrif á lífríki Lagarfljóts. Annað hefur komið á daginn.“ - Rúv

## 3.10.2011: Lenda utan alfaraleiðar

„Landvernd, Fuglavernd og Náttúruverndarsamtök Íslands hafa lýst yfir stuðningi við tillögu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að hlífa Teigskógi.“ - Morgunblaðið

## 1.12.2011: 200 skólar í Grænánanum

„Samningur Landverndar, umhverfisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstur Grænánaverkefnisins var undirritaður í dag í Kvennaskólanum í Reykjavík, en hann er 200. skólinn sem hefur þátttöku í verkefninu hér á landi.“ - Mbl

## 13.12.2011: Pólitíkusar heykjast á samkomulagi

„Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir íslenska stjórnvaldamenn þurfa að gera upp við sig hvort þeir ætli að bíða með aðgerðir (í loftslagsmálum) í næstum áratug eða að Ísland gangi á undan með góðu fordæmi. Því miður virðist fáir tilbúnir í þá vegferð.“ - Fréttablaðið

## 30.1.2012: Þingmenn skipti sér ekki af Þingvöllum

„Í fyrirlestri Sigrúnar á ráðstefnu á vegum Landverndar sagði hún meðal annars að leggja þyrfti af pólitíska Þingvallanefnd, eyða erlendum trjágróðri í friðlandinu og fjarlægja alla sumarbústaði.“ - Fréttablaðið

## 31.1.2012: Bann við útgáfu rannsóknarleyfa að renna út

„Bann iðnaðarráðherra við útgáfu rannsóknarleyfa vegna vatnsafls og jarðvarmavirkjana rennur út á morgun. Landvernd vill að það verði framlengt og óttast að ríkisstjórnarflokkarnir nái ekki saman um tillögu um vernd og nýtingu náttúruauðlinda.“ - Rúv

## 7.2.2012: Leggja til stofnun þjóðgarða

„Þrettán náttúruverndarsamtök leggja til að hægar verði farið í frekari orkuuppbyggingu í jarðvarma og vatnsaflri og fleiri svæðum verði hlífð en drög að þingsályktunartillögu um verndun og orkunýtingu landssvæða gera ráð fyrir.“ - Mbl

## 21.2.2012: Alger óvissa um rammaáætlun

„Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir hins vegar að mikilvægt sé að málið nái fram að ganga og komi inn í þingið.“ - Fréttablaðið

## 8.3.2012: Skýrsla um áliðnað villandi

„Formaður Landverndar segir að óhentugt sé að meta framlag áliðnaðar til íslensk þjóðarbús út frá hluta greinarinnar í vergri landsframléiðslu. Það gefi villandi mynd því ekki sé tekið tillit til vaxtagreiðslna af lánnum eða arðgreiðslna til erlendra eigenda álfyrtækjanna.“ - Rúv

## 28.4.2012: Alger óvissa um rammaáætlun

Framkvæmdastjóri Landverndar: „Við þurfum að leita leiða með samvinnu mismunandi hagsmunaaðila og með virkri stefnumótun og með rannsóknum á því hvað náttúran í rauninni þolir. Og með þennan þekkingargrunn eigum við að geta tryggt það að möguleg neikvæð áhrif ferðamennsku bitni ekki á þeirri auðlind sem hún byggir á sem er náttúran.“ - Stöð 2

## Stjórn Landverndar 2011-2012



Guðmundur Hörður  
Guðmundsson  
formaður.



Hrefna  
Sigurjónsdóttir  
varaformaður.



Sveinbjörn  
Björnsson  
gjaldkeri.



Jóna Fanney  
Friðriksdóttir  
ritari.



Anna G.  
Sverrisdóttir  
meðstjórnandi.



Einar Bergmundur  
Arnbjörnsson  
meðstjórnandi.



Fríða Björg  
Eðvarðsdóttir  
meðstjórnandi.



Helena  
Óladóttir  
meðstjórnandi.



Helga  
Ögmundardóttir  
meðstjórnandi.



Jón S.  
Ólafsson  
meðstjórnandi.

## Ungmennaráð Landverndar

Ungmennaráð Landverndar var stofnað í apríl 2012 og starfar í umboði stjórnar samtakanna. Ráðið var stofnað í kjölfar ályktunar aðalfundar Landverndar 2011 sem fól stjórn samtakanna að stofna ungliðadeild með það að markmiði að gefa ungu fólki á framhaldsskóla- og háskólaaldri tækifæri til að beita sér fyrir málstað umhverfisverndar.

Ungmennaráðið ákvað á fyrsta fundi sínum að markmið þess væru annars vegar að kynna og auka áhuga landsmanna á umhverfismálum og starfsemi Landverndar og hins vegar að vera talsmenn græns lífstíls, umhverfis- og náttúrverndar á Íslandi.

Fyrsta ungmennaráð Landverndar skipa: Björg Magnúsdóttir, starfsmaður Háskóla Íslands, Gunnar Gunnarsson, MA-nemi í umhverfis- og auðlindafræði í HÍ, Bergþóra Benediktsdóttir, starfsmaður Hótel Sögu, Perla Magnúsdóttir, starfsmaður Iceland Excursion, Snorri Þorsteinnsson, Bændaskólinn á Hvanneyri, Reynir Smári Atlason, BA í vöruhönnun frá Curtin háskóla í Ástralíu, MA í umhverfis- og auðlindafræði í HÍ, Sigríður Geirsdóttir, MA-nemi í heimspeki frá HÍ og Þorsteinn Valdimarsson, nemi í FB og í ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar.



*Björg Magnúsdóttir, formaður ungmennaráðs Landverndar.*

# Umsagnir og álit

Eitt af mikilvægum hlutverkum félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum öflugt aðhald. Á yfirstandandi starfsári hefur Landvernd gefið álit sitt á fjölmörgum málum, bæði skriflega sem og á fundum með mismunandi hagsmunaaðilum. Leitað hefur verið til samtakanna um umsagnir við fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillaga, skipulagsmála sveitarfélaga og vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Landvernd skilaði af sér 28 umsögnum og álitum á liðnu starfsári, sem allar má finna á vefsíðu samtakanna.

## Náttúruvernd

- Lög um náttúruvernd, refsingar fyrir náttúruspjöll (umsögn)
- Lög um náttúruvernd, skilgreining á ágengum tegundum o.fl., akstur utan vega, 37. grein laganna um sérstaka vernd náttúru-fyrirbæra, o.fl. (umsögn)
- Hofsjökulsþjóðgarður, þingsályktunartillaga (umsögn)
- Þjóðgarður við Breiðafjörð, þingsályktunartillaga (umsögn)
- Sjórúnaráætlun fyrir Reykjanesfólkvang (munnlegt álit)
- Drög að hvítbók um náttúruvernd (umsögn)

## Vernd og orkunýting landsvæða

- Drög að þingsályktunartillögu að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (þátttaka í umsögn þrettán náttúruverndarfélag)
- Þingsályktunartillögu að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (umsögn)

## Samgöngumál

- Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun 2011-2022 (umsögn)

## Landgræðsla og skógrækt

- Efnistöð nýrra landgræðslulaga (munnlegt og skriflegt álit)
- Efnistöð nýrra skógræktarlaga (munnlegt álit)

## Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum (umsögn)
- Umhverfismat samgönguáætlunar (umsögn)
- Frummatsskýrsla Blöndulínu 3 (umsögn)
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (umsögn)

## Skipulagsmál

- Drög að tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 (umsögn)
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 (umsögn)
- Drög að skipulagsreglugerð (umsögn)
- Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 (umsögn)
- Deiliskipulag um Þeistareyki (umsögn)

## Skattar og hagkerfi

- Þingsályktunartillaga um Græna hagkerfið (umsögn)
- Lög um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olúgjalds og vörugjalds) (umsögn)

## Almannaréttur og ábyrgð

- Lög um upplýsingarétt um umhverfismál (umsögn)
- Lög um umhverfisábyrgð (umsögn)

## Úrgangsmál

- Efnistöð landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs (skriflegt álit á efnistöðum áætlunar)
- Breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs (umsögn)

## Mengun og loftslagsmál

- Drög að lögum um loftslagsmál (umsögn)
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda (umsögn)



## Starfsfólk Landverndar 2011-2012



Guðmundur Ingi  
Guðbrandsson  
framkvæmdastjóri.



Sigrún Pálsdóttir,  
verkefnisstjóri  
Vistverndar í verki og  
Bláfána.



Orri Páll Jóhannsson,  
verkefnisstjóri Skóla á  
grænni grein -  
Grænánans.



Gerður Magnúsdóttir,  
starfsmaður Skóla á  
grænni grein -  
Grænánans.



Guðrún Tryggvadóttir,  
umsjónarkona Alviðru  
og Öndverðarness.



Birta Bjargardóttir,  
verkefnisstjóri  
jarðhitaverkefnis.



Hrefna Einarsdóttir,  
bókari.



Rannveig Magnúsdóttir,  
ritstjóri umsgagnar um  
rammaáætlun. Sameigin-  
legur starfsmaður 13  
náttúruverndarfélaganna.

## Tíu ára afmæli Bláfánans á Íslandi

Í ár eru tíu ár liðin frá því að Landvernd innleiddi Bláfána-verkefnið á Íslandi. Í þeim tilgangi að bæta umgengni, efla umhverfisvitund og laða að gesti sjá sér einkum sveitarfélög, hafnaryfirvöld og rekstraraðilar í ferðaþjónustu hag í að taka þátt í Bláfánanum. Bláfáninn sjálfur er mjög sýnilegur og vekur því athygli þeirra sem um svæðin fara á vistvænum starfsháttum handhafanna.

Verkefnið felst í því að veita rekstraraðilum smábátahafna og badstranda viðurkenningu fyrir vistvæna starfshætti og þjónustu sem stuðlar að verndun umhverfisins. Viðurkenninguna (bláfánann) hljóta þeir staðir sem uppfylla skilyrði sem sett eru af Foundation for Environmental Education (FEE), sem einnig rekur verkefnið *Skólar á grænni grein*.

Alls hafa sex staðir á Íslandi hlotið Bláfánann, þ.e. Stykkishólshöfn, Hafnarhólmahöfn á Borgarfirði eystra, Bláa Lónið, Suðureyrarhöfn, Arnarstapahöfn og Nauthólsvík, en á síðasta starfsári flögguðu einungis þeir þrír fyrstnefndu. Á heimsvísu flagga um 3700 staðir fánanum í 44 löndum. Tvö hvalaskoðunarfyritæki, Elding og Sérferðir í Reykjavíkurböfn, hafa undirritað yfirlýsingu Bláfánans um vistvæna starfshætti og flagga svokallaðri Bláfánaveifu.

Markmið Landverndar er að fjölga bláfánahöfum í 8-10 á næstu tveimur árum og hefur í því sambandi hafið vinnu við að kortleggja möguleika smábátahafna og badstranda til þátttöku í verkefninu í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa út um allt land.

## Rekstrarreikningur ársins 2011

Rekstrartekjur:	2011	2010
Árgjöld ...	2.019.260	2.229.110
Almennir styrkir ...	8.000.000	8.300.000
Verkefnatengdir styrkir ...	22.477.056	19.034.370
Umsýslu- og aðstöðugjald ...	3.011.640	
Aðrar tekjur ...	620.000	413.456
	<u>36.127.956</u>	<u>29.976.936</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld ...	7.577.053	8.236.230
Verkefnatengd gjöld ...	20.862.144	14.004.483
Önnur rekstrargjöld ...	6.666.611	6.030.593
Afskriftir ...	923.430	167.993
Fjármagnstekjuskattur ...	32.286	103.377
	<u>36.061.524</u>	<u>28.542.676</u>
Tekjur (halli) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði ...	66.432	1.434.260
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur ...	1.374.852	1.369.238
Fjármagnsgjöld ...	<u>(148.958)</u>	<u>(870)</u>
	1.225.894	1.368.368
Tekjur (halli) ársins ...	<u>1.292.326</u>	<u>2.802.628</u>



## Efnahagsreikningur 31.12. 2011

Eignir	2011	2010
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðarnes II ...	10.383.574	10.576.762
Bifreið, áhöld og innréttingar ...	<u>248.040</u>	<u>1.888.282</u>
	10.631.614	12.465.044
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs ...	<u>16.596.497</u>	<u>15.331.661</u>
Fastafjármunir alls ...	27.228.111	27.796.705
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl. ...	680.000	680.000
Ýmsar kröfur ...	4.441.122	7.189.213
Handbært fé ...	<u>7.899.562</u>	<u>1.847.639</u>
Veltufjármunir alls ...	13.020.684	9.716.852
Eignir alls ...	<u>40.248.795</u>	<u>37.513.557</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Eigið fé:		
Eigið fé ...	33.669.609	32.377.283
Skuldir :		
Skammtímaskuldir:		
Alviðrustofnun ...		827.816
Ýmsar skammtímaskuldir ...	<u>6.579.186</u>	<u>4.308.458</u>
Skuldir alls ...	6.579.186	5.136.274
Skuldir og eigið fé, alls ...	<u>40.248.795</u>	<u>37.513.557</u>

*Efri myndin er tekin á fjölsóttum kynningarfundum í Þjóðminjasafninu um sameiginlega umsögn náttúruverndarbréyfingarinnar um rammaáætlun. Nedri myndin er af Sigrúnu Helgadóttur og Hilmari Malmquist, fyrirlesurum á fundi Landverndar í Norræna húsinu um Þingvelli og náttúru þjóðgarðsins.*



# Stiklur úr starfi Landverndar

## Starfsmenn

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi Landverndar á starfsárinu.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson var ráðinn framkvæmdastjóri í september. Hann hafði unnið þrjú ár þar á undan að umhverfisránnsóknnum á Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun við Háskóla Íslands. Þar á undan starfaði hann við vistfræðirannsóknir og að alþjóðamálum hjá Landgræðslu ríkisins. Guðmundur Ingi er með meistarapróf í umhverfisfræðum frá Yale háskóla í Bandaríkjunum og BS próf í líffræði frá Háskóla Íslands.

Birta Bjargardóttir var ráðin í starf verkefnisstjóra jarðhita-verkefnis Landverndar í febrúar. Birta er með grunn í dýrafraeði og meistaragráðu í vísindamiðlun. Síðustu árin hefur hún starfað á sviði vísindamiðlunar, bæði í Bretlandi og á Íslandi. Hún var útgáfustjóri og forstöðumaður upplýsingadeildar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og er ritstjóri Náttúrukorts Framtíðarlandsins.

Sigrún Pálsdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri Vistverndar í verki og Bláfána í apríl. Hún kom til starfa hjá Landvernd í byrjun árs 2008. Sigrúnu eru þökkud störf í þágu Landverndar. Guðrún Tryggvadóttir lét af störfum sem umsjónarkona Alviðru á liðnu sumri. Henni eru þökkud störf í þágu Landverndar.

## Fjölgun félaga og félagsmanna

Skráðum félagsmönnum í Landvernd fjölgaði um 10% á árinu og eru nú um 550. Þrjú félög gengu í Landvernd; Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Umhverfsvaktin við Hvalfjörð og Vinir Þjorsárvera.

## Varðliðar umhverfisins

Á 250 ára fæðingarafmæli Sveins Pálssonar náttúrufræðings og læknis, útnefndi umhverfisráðherra nemendur tveggja skóla sem *Varðliðar umhverfisins*. Verkefnasamkeppnin, sem er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur, hóf göngu sína árið 2006 og hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum. Nemendur í 5.-10. bekk allra grunnskóla á Íslandi geta tekið þátt. Í ár bárust 11 verkefni frá jafn mörgum grunnskólum á landinu. Nemendur Foldaskóla í Reykjavík og nemendur í 7. og 8. bekk Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit eru *Varðliðar umhverfisins* árið 2012. Það er gaman að geta þess að öll þau verkefni sem send voru í keppnina voruð 2012 bárust frá nemendum í skólum sem taka þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein*.

## Vistvernd í verki

Þátttaka í Vistvernd í verki hefur dregist saman á undanförunum árum. Unnið hefur verið að gerð nýrrar handbókar á starfsárinu. Stjórn Landverndar tók þá ákvörðun að endurskoða forsendur og möguleika fyrir áframhaldandi rekstri verkefnisins á árinu 2012. Sú vinna stendur yfir.

## Kolviður

Kolviður er sjóður stofnaður af Landvernd og Skógræktarfélagi Íslands sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi svo draga megi úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Vísiskiptavinir Kolviðar kaupa kolefnisbindingu frá sjóðnum til þess að jafna útblástursmengun okutækja sinna og sjóðurinn plantar skógi til jafns á við það. Starfsemi sjóðsins hefur verið í lágmarki eftir að efnahagslægðin skall á árið 2008, en viðræður við nokkur fyrirtæki lofa nú góðu.

## Starfsemi í Alviðru

Landvernd hefur um árabil rekið fræðslusetur í Alviðru, en í erfiðu árferði undangenginna ára hefur fótunum verið kipt undan starfinu. Þó var ýmis starfsemi á staðnum sumarið 2011. Sjálfbodaliðar frá sjálfbodasamtökunum SEEDS unnu frábært starf með umsjónarkonu staðarins. Komið var upp sviði í hlöðunni til þess að hægt væri að hafa uppkomur fyrir hópa og unnið að snyrtingu umhverfisins. Landnámsþætur settu svip sinn á staðinn og aðalsýning félags ræktenda landnámsþætur var einmitt haldin í hlöðunni. Matjurtagarður var tekin í gagnið og gaf afar góða uppskeru. Nokkrir hópar nýttu sér aðstöðuna til fræðslustarfs, þ.m.t. einhverjir skólar. Þá störfuðu Sjálfbodasamtök um náttúruvernd líka í sjálfbodaliðavinnu í Alviðru á haustdögum.

Stefnt er að því að auka fræðslu í Alviðru í sumar með því að ráða þangað landvörð í hlutastarf.

## Fagræð Landverndar

Fagræð Landverndar var endurvakið á starfsárinu og hefur lagt skrifstofu félagsins lið við gerð umsagna í vetur, en mikilvægi þess er ótvírætt til að styðja við faglega vinnu samtakanna.

## Ný heimasíða

Ný heimasíða Landverndar var opnuð skömmu fyrir aðalfund 2012.

## Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands

Landvernd er frjálst félagsamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Innan Landverndar eru 47 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 550 einstaklingar skráðir félagar. Samtökin voru stofnuð 1969.

Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 12. maí 2012.



LANDVERND

